

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI
7852-002-FUN-028-V01	Svæðisskipulag Suðurland 2022 - 2042
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI
01.07.2024	SASS
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI
	Fundur verkefnisstjórnar svæðisskipulags suðurland.

FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
01.07.2024 HRB	SASS	Fjarfundur
FUNDARFÓLK		SVEITARFÉLAG / FYRIRTÆKI
Helgi Kjartansson, Elín Heiða Valsdóttir Anton Kári Halldórsson Hrafnhildur Brynjólfssdóttir, Ásgeir Jónsson Bjarni Guðmundsson		Bláskógabyggð Skaftárhreppur Rangárþing eystra Verkfræðistofan EFLA SASS
Dreifing		Fyrirtæki
Bjarni Guðmundsson		SASS
Fundarskjöl		Næsti fundur
Afgreiðsla Skipulagsstofnunar á Svæðisskipulagi Suðurland 2022-2042 https://skipulagsgatt.is/issues/2023/862		Ekki dagsettur

Dagskrá og efni fundar

Viðbrögð við afgreiðslu Skipulagsstofnunar á Svæðisskipulagi Suðurland 2022-2042

Farið var yfir ferli staðfestingar svæðisskipulagsins og viðbrögð verkefnisstjórnar.

Skipulagsstofnun fór yfir framlögð gögn með tilliti til forms og efnis og með hliðsjón af samræmi við gildandi Landsskipulagsstefnu 2024-2038 og fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028 sem samþykkt var á Alþingi þann 16. maí sl., sbr. ályktun nr. 16/154.

Skipulagsstofnun telur að ekki sé unnt að staðfesta svæðisskipulagið að óbreytt skv. 4. mgr. 25. gr. skipulagslaga vegna form- og efnisgalla.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn með tilliti til forms og efnis og með hliðsjón af samræmi við gildandi Landsskipulagsstefnu 2024-2038 og fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 sem samþykkt var á Alþingi þann 16. maí, sbr. ályktun nr. 16/154.

Í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 er sett fram leiðarljós um áherslur í skipulagsmálum til útfærslu í skipulagsáætlunum sveitarfélaga en það er síðan á valdi og á ábyrgð sveitarstjórna að útfæra stefnuna eins og þær telja eiga best við innan sinnar skipulagslögsögu og í samvinnu við önnur sveitarfélög þegar þannig háttar til. Í ákveðnum tilvikum kann landsskipulagsstefna þó að setja nýjar kröfur á sveitarfélög varðandi gagnaöflun og áherslur í skipulagsvinnu og því eru settar fram aðgerðir sem miða að því að útvega sveitarfélögum til þess bær verkfæri ásamt bestu fánlegu gögnum hverju sinni.

Við gerð svæðisskipulags skal byggt á markmiðum skipulagslaga og landsskipulagsstefnu eins og segir í 2. mgr. 21. gr. skipulagslaga. Eftir yfirferð á svæðisskipulaginu er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að tiltekin stefna og útfærsla skipulagsins varðandi uppbyggingu stofnvega með bundnu slitlagi og breytta flokkun ferðaþjónustustaða og uppbyggingu á þeim víki í grundvallaratriðum frá stefnu stjórnvalda í Landsskipulagsstefnu 2024-2038, og áður gildandi landsskipulagsstefnu, varðandi eðli landnotkunar á miðhálandinu og verndun víðerna og verðmætra landslagssvæða. Þar sé ekki um að ræða minniháttar frávik eða nánari útfærslu heldur breyttar áherslur sem þarf að greina heildstætt og móta stefnu um fyrir miðhálandið í heild sinni

ásamt mati á samlegðaráhrifum stefnunnar, áður en ákvarðanir eru teknar fyrir hluta þess. Að mati Skipulagsstofnunar er stefna svæðisskipulagsins varðandi ofangreinda þætti ekki undirbyggð með nægilegum hætti, en nánar er gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu stofnunarinnar í greinargerð hér fyrir neðan. Ljóst er að frekari útfærsla á samþykktri stefnu svæðisskipulagsins er m.a. háð niðurstöðu greiningarvinnu og í kjölfarið stefnumótunar sem kveðið er á um í aðgerðaráætlun landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2028. Því telur Skipulagsstofnun ekki tímabært að leggja fram stefnu í svæðisskipulagi um breytingar eða útfærslur á þessum þáttum sem víkja frá þeirri skipulagsleiðsögn sem sett er fram í landsskipulagsstefnu.

Skipulagsstofnun telur því að ekki sé unnt að staðfesta svæðisskipulagið að óbreyttu skv. 4. mgr. 25. gr. skipulagslaga vegna framangreindra form- og efnisgalla.

Til að unnt sé að staðfesta svæðisskipulagið leggur Skipulagsstofnun til að „... stefna svæðisskipulagsins varðandi gerð og hönnun vega og stefna um flokkun ferðaþjónustustaða verði endurskoðuð þegar vinnu við þar að lútandi framfylgdarverkefni, samkvæmt ofangreindri fimm ára aðgerðaráætlun með landsskipulagsstefnu, er lokið.“ og vísar til aðgerðar nr. sex um stefnumótun um vegakerfi miðhálandis, aðgerðar nr. tólf um uppbyggingu ferðaþjónustumannvirkja á miðhálandinu og aðgerðar nr. þrettán um kortlagningu víðerna. Skv. fyrirvörum sem Skipulagsstofnun leggur til þá eigi að endurskoða stefnu svæðisskipulagsins um þessi málefni, þegar lokið hafi verið við þessar aðgerðir, en fram að því verði stefna svæðisskipulagsins ekki innleidd í aðalskipulag sveitarfélaganna og ekki veitt framkvæmdaleyfi á grunni hennar fyrr en endurskoðun hennar sé lokið.

Fari svæðisskipulagsnefnd að tilmælum Skipulagsstofnuna þá mun stofnunin staðfesta svæðisskipulagið, en að öðrum kosti mun hún afgreiða það til innviðaráðherra skv. 5. mgr. 25. gr. skipulagslaga. Sjá nánar í afgreiðslubréfi stofnunarinnar.

Viðbrögð verkefnisstjórnar

Verkefnisstjórn hefur farið yfir afgreiðslu Skipulagsstofnunar og veltir upp eftirfarandi álitaeftum s.s. að nýsamþykkt Landsskipulagsstefnu 2024-2028 sé lögð til grundvallar, tímafresti og fyrirvara sem Skipulagsstofnun leggur um stefnu svæðisskipulagsins um samgöngur, ferðaþjónustu og verndarsvæði.

Næstu skref

- A. Verkefnisstjórn mun vekja athygli svæðisskipulagsnefndar á afgreiðslu Skipulagsstofnunar með tölvubréfi og boða að nefndin verði kölluð saman til að fjalla um hana. Fundargerð þessi mun fylgja með tölvubréfinu.
- B. Verkefnisstjórn mun undirbúa næsta fund með svæðisskipulagsnefnd með því m.a. að ráðfæra sig við ráðgjafa um ýmiss álitamál.